



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu
Landsmóts hestamanna
27. júní 2012**

Ágætu hestamenn
Landsmótsgestir

Til hamingju með þessa glæsilegu hátíð, gleðifagnað allra sem unna íslenskum hestum.

Ég færi ykkur líka og hestafólki um landið allt einlægar þakkir fyrir framlag ykkar, árangur sem gert hefur hestamennsku að burðarstoð í samfélagi hvernar byggðar og öflugri atvinnugrein sem færir Íslendingum gjaldeyri, senn í ætt við sjávarútveg og stóriðjuna.

Án þátttöku þúsundanna yrði þetta framlag ekki jafn ríkulegt og raun ber vitni; grasrótin í félögunum uppspretta sífelldrar endurnýjunar.

To our foreign guests let me simply say this: Everyone who loves the Icelandic horse will forever be treated as a true friend of our country.

Landsmótin eru eins konar þjóðhátíð, vitnisburður um að hesturinn, sem verið hefur samferða þjóðinni frá landnámi, er enn á okkar tímum að vinna hug og hjörtu; nú einnig í fjarlægum álfum.

Það hefur verið mér og okkur Dorrit ánægjuefni að sækja landsmótin, koma í Skagafjörðinn á sínum tíma með heimsfræga hestakonu – og svo er nú hesturinn, eins og allir vita, tengdur okkar fyrstu kynnum.

Ekkert eflir ástina eins og að detta af baki og sjá hina heittelskuðu fella tár vegna fórnanna sem axlarbrot ber vitni um. Og til að sanna að ástin lifi enn er gott að detta af baki tíu árum síðar og brjóta öxlina aftur fyrri sína heittelskuðu.

Og þegar við riðum í fyrra á þriðja degi jóla í kafsnjó og hríðarkófi og mættum ungum Asíubúum að koma úr reiðtúr með gleðiglampa í augum var ljóst að í öllum veðrum fjölgar enn aðdáendum íslenska hestsins.

Hann heldur áfram að afla Íslandi vina og færa okkur kærkomna björg í þjóðarbú, setur sífellt nýjan svip á mannlíf og menningu, leiðir góða gesti um undraveröld íslenskrar náttúru, dali og grundir, óbyggðir, vatnsföll og fjörusanda.

Kjölfestan í þessum mikla árangri eruð þið, hestafólkið sem bæði í heimabyggðum og á landsvettvangi stundið af alúð og elsku þessa góðu þjóðaríprótt.

Því færi ég ykkur hér í kvöld þakkir Íslendinga og óskir um farsælt starf í framtíðinni.

Til hamingju með glæsilegt Landsmót.